



Reykjavík, 7. desember 2023

## Varðar: Laufrimi 28 – fyrirspurn

Lögð fram fyrirspurn Írisar Lilliendahl, dags. 30. nóvember 2023, um rekstur atvinnustarfsemis í íbúðarhúsnæði á lóð nr. 28 við Laufrima.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd

## Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir Laufrimi 28 borgarhluta 8 Grafarvogi og er á skilgreindu íbúðarsvæði IB51 Rimahverfi.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir lóðina.

## Umsögn

Byggingin á lóð nr. 28 við Laufrima er lítið fjölbýli með 6 íbúðum, byggt árið 1995 skv. fasteignaskrá. Spurt er um atvinnustarfsemi í íbúð í íbúðarbyggð, nánar tiltekið starfsemi löggilts skjalapýðanda.

Lóð nr. 28 við Laufrimi er skv. aðalskipulagi staðsett á íbúðarsvæði. Skv. aðalskipulagi er á íbúðarsvæðum almennt gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði ásamt tilheyrandi opinberri grunnþjónustu, almennri verslun og þjónustustarfsemi og minni útivistarsvæðum. Innan íbúðarbyggðar er mögulegt að gera ráð fyrir fjölbreyttri atvinnustarfsemi, enda sé um að ræða þrífalega starfsemi sem ekki veldur ónæði.

Starfsemi löggilts skjalapýðanda er ekki háð sérstökum takmörkunum í lögum og reglugerðum er varða starfsleyfi, hollustuhætti eða breytingum á húsnæði og því er því er heimilt að stund þá starfsemi innan íbúðar í íbúðarbyggð, enda telst hún þrífaleg starfsemi skv. aðalskipulagi. Því eru ekki gerðar kröfur um að starfsemin fari fram í atvinnuhúsnæði eða gerð krafa um að breyta notkunareiningu úr íbúðarhúsnæði þegar starfsemin var skráð á tiltekið heimilisfang.

## Niðurstaða

- Ekki eru eða hafa verið gerðar skipulagslegar athugasemdir við starfsemi löggilts skjalapýðanda og dómtúls í íbúðarhúsnæði í íbúðarhverfi. Samræmist aðalskipulagi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri